

Aðgerðir gegn einelti og öðru ofbeldi

Eineltisáætlun

Í heildarskipulagi skólastarfsins er lagður grunnurinn að vinsamlegu og manneskjulegu andrúmslofti sem ríkja á í skólanum. Það er ein meginforsenda þess að nemendum líði vel. Frá fyrsta skóladegi er talað upphátt um þá stefnu og að allir þurfi að leggja sitt af mörkum til þess að það takist og að gagnkvæm virðing sé einn mikilvægasti þátturinn til þess að ná því marki.

Í Tjarnarskóla eiga allir nemendur það sameiginlegt að þeir koma víða að, þ.e. úr hinum ýmsu skólum og skólahverfum. Í upphafi skólavistar þeirra er ávallt fastur liður að ræða um mikilvægi góðra og jákvæðra samskipta og leiða nemendur inn í þann skólaanda sem við viljum að ríki. Sá skólaandi er heimilislegur, hlýlegur og manneskjulegur.

Í mannlegum samskiptum getur margt farið úrskaiðis eins og alkunna er. Starfsmenn skólans starfa meðvitað að því að taka á hvers kyns neikvæðri hegðun, jafnóðum, eða eins fljótt og tækifæri gefst, í kjölfar slíkrar hegðunar. Ef grunur vaknar um einelti er það strax rætt í kennarahópnum og síðan gengið til verka. Umsjónarkennari er lykilaðili í könnunarferlinu. Þátttaka mannræktarkennara er einnig mjög mikilvæg vegna þess að í kennslustundum í þeirri námsgrein er kjörinn vettvangur til þess að ræða samskiptamál í sem víðasta skilningi (auðvelt að tengja við námsefnið). Skólastjóri hefur yfirumsjón með öllu því er viðkemur mannlegum samskiptum í skólanum.



Könnunarferli eineltis – í höndum umsjónarkennara og skólastjóra

- Grennslast fyrir hjá hugsanlegum þolanda – og rætt við einstaklinga sem hafa orðið vitni að neikvæðu hegðuninni.
- Reynt að finna út hvert upphaflegt tilefni var.
- Spjall við geranda/gerendur, einn í einu. Bent á í hverju mistökin felast og reynt að láta viðkomandi sjálfan finna útgönguleið úr málinu.
- Ef gerandi finnur ekki lausn – er honum bent á eina eða fleiri leiðir.
- Rætt við bæði þolanda og geranda/gerendur saman, lögð er áhersla á að finna sáttaleið áður en skóladegi lýkur.
- Foreldrum greint frá úrvinnslu mála í skólanum.
- Málið rætt í kennarahópnum á kennarafundum og utan kennslustunda.

Eftirfylgni

- Rætt við þolanda reglubundið í kjölfarið og metið hvort málið sé úr sögunni.
- Ef neikvæð hegðun heldur áfram eða gerandi hefur ekki látið segjast, er haldinn fundur í skólanum með þolanda og foreldri/foreldrum – síðan geranda ásamt foreldrum.
- Mat lagt á hvert sé næsta skref; sameiginlegur fundur, hugsanlegar refsingar, þó fyrst og fremst reynt að finna jákvæða niðurstöðu fyrir alla.

Viðbótarleið - viðhorfskannanir

Ein leið til þess að skilgreina samskiptavanda getur verið að leggja fyrir viðhorfskannanir í skólanum. Þar er reynt að draga fram þá þætti sem hugsanlega geta þýtt að einhverjum líði illa vegna samskipta í skólanum. Slíkar viðhorfskannanir eru lagðar fyrir tvisvar sinnum á vetri að öllu jöfnu í skólanum. Niðurstöður eru ávallt birtar í sjálfsmatskýrslum skólans á heimasíðu.